



Reykjavík, 15. apríl 2024

MSS24030028

UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins um stofnun starfshóps um biðlista eftir skólaþjónustu

Á fundi borgarstjórnar þann 5. mars 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Flokks fólksins til meðferðar velferðarráðs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna starfshóp sem fengi m.a. þau verkefni að rýna biðlista barna og ungmenna eftir skólaþjónustu til að meta hvort framsetning listans og skráning erinda/tilvísana sé með þeim hætti að hann gefi raunsanna mynd af stöðu mála. Í því felst að skoða hvað mörg börn á biðlistanum hafa fengið þjónustu eða hluta af þjónustu. Einnig hvaða þjónustu var óskað eftir samkvæmt tilvísun/beiðni og meta hvaða breytingar þurfi að gera á fyrirkomulagi skólaþjónustunnar til að gera hana skilvirkari. Markmið hópsins verði að ná biðtíma barna eftir þjónustu undir 90 daga.

Umsögn:

Umsögnin er unnin í samráði við skóla- og frístundasvið.

Tillaga Flokks fólksins felur m.a. í sér að framsetning biðlista og skráning erinda/tilvísana sé með þeim hætti að hann gefi raunsanna mynd af stöðu mála. Málaskrá velferðarsviðs heldur utan um upplýsingar er lúta að beiðnum um skólaþjónustu og til hvaða faghópa erindum er beint. Einnig heldur málaskráin utan um fjölda mála á biðlista m.a. eftir eðli beiðna.

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem færðar eru í Málaskrá er hægt að vinna ýmsar lykiltölur, s.s. um hlutfall þeirra mála sem lokið er innan ákveðins tíma og hvort börn sem eru á bið eftir þjónustu hafi fengið aðra þjónustu. Eins og segir í tillögunni er mikilvægt að framsetning biðlista og skráning erinda/tilvísana sé með þeim hætti að hann gefi raunsanna mynd af stöðu mála. Í dag er unnið að nýrri uppfærslu lykiltalna í nýju mælaborði en sú breyting leiðir til þess að stjórnendur og starfsfólk á miðstöðvum sjá t.d. stöðu erinda í rauntíma. Í málaskrá er ekki hægt að halda utan um svokölluð „skólamál“ en það eru erindi sem berast frá skólum og lúta að ákveðnum hópum nemenda eða stuðningi við kennara en ekki tilteknum börnum. Haldið er utan um þau mál í excelskjali að svo stöddu.

Tillagan felur einnig í sér að starfshópi verði falið að meta hvaða breytingar þurfi að gera á fyrirkomulagi skólaþjónustunnar til að gera hana skilvirkari. Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið hafa ákveðið fyrirkomulag skólaþjónustunnar og nú síðast með þeim tillögum sem lagðar voru fyrir skóla- og frístundaráð, velferðarráð og afgreiddar í borgarráði þann 10. júní 2021 um að verkefnið *Betri borg fyrir börn* (BBB) yrði innleitt á allar miðstöðvar Reykjavíkurborgar.



Reykjavík



Hluti af verkefninu *Betri borg fyrir börn* felst m.a. í markvissri innleiðingu laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í þeirri innleiðingu er nú m.a. unnið á grundvelli samstarfssamnings um BBB og nýrra verkferla sem m.a. skilgreina mun betur en áður verkefni skóla (1. stigs þjónustu), miðstöðva (2. stigs þjónustu) og Barnaverndar (3. stigs þjónustu).

Það er mat velferðar- og skóla- og frístundasviðs að sviðin fái tækifæri til að halda áfram á þeirri vegferð sem nú þegar er verið að innleiða. Sú vegferð á m.a. að leiða til aukinnar skilvirkni í þjónustunni og að börn fái snemmtæka íhlutun strax á 1. stigi þjónustunnar (skólar) sem leiði til færri tilvísana til miðstöðva.

Fyrir liggur að skipaður verði starfshópur á vegum velferðar- og skóla- og frístundasviðs um undirbúning vegna eftirlits og mats á árangri í verkefninu *Betri borg fyrir börn* í samræmi við fyrirmæli samstarfssamnings um BBB og viðauka 7 með samningnum. Í því verkefni er m.a. áhersla að gera árlega framkvæmdaáætlun mælinga, yfirfara framkomnar tillögur um mælikvarða og frekari þróun þeirra og því tengt er að rýna framsetningu tölulegra upplýsinga og sjá til þess að þeir stjórnendur sem málin varða rýni þær tölur sem snúa að þeirra starfsemi til gagns. Í þeirri vinnu er mikilvægt að skilgreina mælikvarða um biðtíma barna eftir fyrstu þjónustu (skimun á aðstæðum barns) og síðan eftir frekari þjónustu. Hins vegar eru áherslur BBB í dag að ráðgjafar miðstöðvanna sem sitja í lausnateymum og/eða nemendaverndarráðum hafi samband við foreldra í kjölfar funda og finni tíma fyrir ráðgjöf, sé það niðurstaða funda.

Á samráðsfundi beggja ráða í janúar 2025 mætti kynna framkvæmdaáætlun um framkvæmd mælinga, nýtt mælaborð og í kjölfarið þá taka ákvörðun hvort þörf væri fyrir frekari viðbrögð.

Fjölmarginir starfshópar velferðar- og skóla- og frístundasviðs hafa tekið þátt í BBB verkefninu og innleiðingu farsældarlaganna og samstarf hefur m.a. verið við Barna- og fjölskyldustofu og Mennta- og barnamálaráðuneytinu í innleiðingarferlinu.

